

Miðvikudaginn 25. mars 1987.

Nr. 30/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Róbert Árna Hreiðarssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var með stefnu 18. nóvember 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Ákærði og Áslaug Margrét Blöndal voru tvö í bifreið ákærða er umferðaróhapp það varð sem lýst er í héraðsdómi. Halda þau því fram að Áslaug hafi stýrt bifreiðinni en eftir áreksturinn hafi þau skipt um sæti, þó án þess að fara út úr bifreiðinni. Ummerki í bifreiðinni benda mjög eindregið til þess að sá er henni stýrði hafi orðið fyrir áverkum. Ákærði skarst á höfði við áreksturinn en Áslaug hlaut eigi meiðsli svo að séð verði af gögnum málsins. Frásögn þeirra um að þau hafi skipt um sæti er afar ósennileg. Vitnið Gunnar Karl Guðjónsson kveðst hafa séð áreksturinn og stöðvað bifreið sína og þá séð konu sitja í farþegasæti bifreiðar ákærða, og er hann kom að bifreiðinni hafi ákærði komið út úr henni stýrismegin. Kveður Gunnar Karl öruggt að ákærði hafi verið ökumaður. Þuríður Halla Árnadóttir lækni, er gerði að meiðslum ákærða, kveður ákærða hafa spurt að fyrri bragði hvort taka ætti honum blóð, og er hún hafi spurt ákærða hvort hann hefði ekið bifreiðinni hafi hann sagt að hann þyrfti ekki að svara því. Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað að það hafi verið ákærði sem stýrði bifreiðinni.

Engar líkur hafa verið leiddar að því að mistök hafi orðið við töku, meðferð eða rannsókn á blóðsýni úr ákærða, en það sýndi 1,17‰ alkóhól í blóðinu. Hefur ákærði því með akstri bifreiðar

gerst brotlegur við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Pótt mikil hálka væri var bifreið ákærða eigi búin snjókeðjum né öðrum viðurkenndum búnaði, og varðar það við g-lið 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga. Þá þykir ljóst af aðstæðum að ákærði hafi eigi ekið með nægilegri aðgát er hann tók beygju í hálku á gatnamótum og varðar það við c-, d- og i-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og fyrra brotaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 25 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, en héraðsdómara hefur láðst að dæma honum málsvarnarlaun. Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Róbert Árni Hreiðarsson, sæti varðhaldi 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu er staðfest.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Óla Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 10.000,00 krónur. Þá greiði hann áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Odds-sonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 25. júlí 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 14. mars sl. „á hendur Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni, Furugrund 42, Kópavogi, fæddum 16. maí 1946 í Reykjavík, fyrir að aka, að kvöldi fimmtudagsins 3. nóvember 1983, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-32680, sem búin var sumarhjólborðum, frá Eiðistorgi 7, Seltjarnarnesi, áleiðis að Tómasarhaga 53, Reykjavík, og svo óvarlega austur Eiðsgranda inn á Hringbraut í Reykjavík, en myrkur var, snjócoma og hálka, að bifreiðin rakst á ljósastaur sem stóð á umferðareyju milli akbrauta Hringbrautar.

Telst þetta varða við 4. gr. 1. mgr. staflíð g, 5. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. 1. mgr. 3. mgr., staflíði a, b, c og i, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna, svo og öðrum gögnum málsins, eru málavextir þeir að aðfaranótt föstudagsins 4. nóvember 1983 tilkynnti Sæmundur Pálsson lögregluvarðstjóri á Seltjarnarnesi um umferðarslys til lögreglunnar í Reykjavík. Bifreiðinni R-32680 hafði verið ekið á ljósastaur sem er á umferðareyju milli akbrauta Hringbrautar við gatnamót Hringbrautar og Eiðsgranda. Myrkur var, snjókoma og hálka er umrætt atvik átti sér stað, en bifreiðin var útbúin sumardekkjum. Þegar Sæmundur Pálsson kom á vettvang var bifreiðin mannlau, en við athugun lögreglunnar í Reykjavík kom í ljós að slys hafði orðið á fólki, líklega ökumanni, þar sem blóðblettir voru í snjónum við vinstri framhurð R-32680 og einnig inni í bifreiðinni ökumannsmegin. Skömmu síðar hringdi Gunnar Karl Guðjónsson í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og skýrði frá því að hann hefði orðið vitni að slysinu og jafnframt ekið með ökumann R-32680 og farþega á slysadeild Borgarspítalans. Á leið lögreglu á slysadeild var upplýst að hinn slasaði væri karlmaður og verið væri að gera að meiðslum hans, en stúlka, sem með honum hafi verið, hefði farið frá slysadeild og hefði hún eftir því sem best væri vitað ekki slasast.

Hinn slasaði reyndist vera Róbert Árni Hreiðarsson héraðsdómslögmaður, ákærði í máli þessu, og hafði hann fengið skurð á höfuðið ofan á hvirfli og var Þuríður Árnadóttir læknir að gera að meiðslum hans er lögreglan kom á slysadeildina. Eftir að því lauk hafði lögreglan tal af ákærða og kvaðst hann ekki hafa ekið bifreiðinni, heldur hafi stúlkan sem var með honum verið ökumaður. Kvað ákærði hana heita Áslaugu og gat gefið upp nokkurn veginn hvar hún átti heima. Þar sem greinilegur áfengisþefur fannst af ákærða var ákveðið að láta taka blóðsýni úr honum og framkvæmdi áður nefndur læknir það verk. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis. Eftir að ákærði hafði verið útskrifaður af slysadeild var hann færður á lögreglustöðina á Hverfisgötu 113 fyrir Magnús Gunnar Magnússon aðalvarðstjóra, þar sem hann neitaði sem fyrr að hafa ekið bifreiðinni er slysið varð. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa kveikjulykla R-32680 meðferðis og kvað Áslaugu vera með þá. Ákærði neitaði að láta í té öndunarsýni og taldi ekki þörf á því, þar sem hann hefði ekki neytt áfengis. Að boði aðalvarðstjóra var ákærði færður í fangaklefa, en við leit í vösum hans fundust áður nefndir kveikjuláslyklar. Ákærði var tvívegis tekinn til

skýrslutöku af lögreglu meðan hann var í haldi og neitaði í bæði skiptin að tjá sig um málið en ítrekaði að hann hefði ekki ekið bifreiðinni. Ekki hafðist þarna um nóttina upp á áðurnefndri stúlku og var það ekki fyrr en 7. nóvember 1983 að hún kom fyrst fyrir lögreglu og gaf skýrslu, en ákærður var þá laus úr haldi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna blóðsýnis þess, sem tekið var úr ákærða á slysadeild, mældist magn alkóhóls í blóði 1,17‰.

Ákærði kom fyrir dóminn og skýrði sjálfstætt frá málavöxtum þannig: Ákærði mótmælti ákærinni sem rangri. Ekki væri um það að ræða að hann hafi ekið bifreiðinni R-32680 umrætt kvöld.

Vinkona hans hafi komið heim til ákærða um kvöldmatarleytið þetta kvöld og sátu þau saman og röbbuðu og horfðu á sjónvarp. Ekki drukku þau áfengi þá um kvöldið. Síðar um kvöldið fór vinkona ákærða á bifreiðinni R-32680 heim til sín og kom síðan aftur. Um miðnætti ætluðu þau að fara saman heim til vinkonu ákærða og ók hún bifreiðinni en í beygju við JL-húsið lét bifreiðin ekki að stjórn. Bifreiðin hafi verið á sumardekkjum og í mjög slæmu ástandi að öðru leyti þótt hún hafi verið í ökuhæfu ástandi. Ákærði sagðist því hafa hugsað mest um það að koma bifreiðinni í burtu og því hafi hann sagt strax við stúlkuna Áslaugu, að þau skyldu skipta um sæti. Það hafi þau gert og settist ákærði í ökumannssætið. Áslaug hafi þá sagt „má ég sjá á þér höfuðið“. Þá fyrst hafi hann gert sér grein fyrir því að hann hafði fengið skurð á höfuðið. Mikið hafi blætt úr sárinu og kom því ekki til að hann æki bifreiðinni á brott þótt það hafi verið ætlun hans þegar hann skipti um sæti við ökumanninn. Áslaug hafði tekið lyklana úr svissnum áður en hún skipti um sæti við ákærða og hafi hún verið með lyklana allan tímann eftir það.

Ákærði hefur haldið því fram að þeir lyklar, sem lögreglan tók af honum, hafi ekki verið lyklar að bifreiðinni heldur að póstkassa. Það hafi því ekki komið til að ákærði æki bifreiðinni heldur kom þarna að fólk sem ók þeim á slysavarðstofu. Ákærði fullyrti að hann hafi ekki sagt við lækni að hann hefði verið ökumaður þegar hann fékk áverkann á höfuðið heldur hafi hann sagt að hann hefði lent í árekstri. Hann hafi ekkert verið spurður að því hver hafi verið ökumaður heldur hljóti læknirinn eða starfsfólk slysavarðstofunnar að hafa ályktað að svo væri vegna einhvers sem lögreglan hafi sagt við það.

Ákærði sagðist ekki hafa bragðað neitt áfengi þetta kvöld og hann muni ekki eftir því að hafa drukkið áfengi fyrr um daginn. Ákærði getur ekki sagt til um það hvenær hann drakk áfengi síðast fyrir þennan umrædda meinta akstur. Honum var kynnt niðurstaða alkóhólrannsóknar á dskj. nr. 4. Ákærði sagðist ekki geta gefið neina skýringu á þessari niðurstöðu.

Vitnið Áslaug Margrét Gunnarsdóttir Blöndal fulltrúi, Ingólfsstræti 4 í Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá að hún hafi ekið bifreiðinni R-32680 frá Eiðistorgi 7 á Seltjarnarnesi að kvöldi fimmtudags-

ins 3. nóvember 1983. Hún kvaðst hafa ekið sem leið lá eftir Eiðsgranda en í beygju við Hringbraut hafi hún misst stjórn á bifreiðinni vegna hálku og hafnaði bifreiðin því á ljósastaur. Hún hafi tekið lyklana úr bifreiðinni og skipt um sæti við ákærða Róbert Árna, en hann hafi áður setið í farþegasæti við hlið hennar. Ákærði hafi ætlað að aka bifreiðinni og þess vegna hafi þau skipt um sæti. Það hafi hins vegar ekki komið til þess bæði vegna þess að lyklarnir voru ekki í kveikjúlásnum og vegna þess að í ljós kom að ákærði var slasaður. Ákærði hafi slasast er hann hallaði sér yfir hana um það leyti sem bifreiðin hafnaði á sturnum. Eftir að þau skiptu um sæti og í ljós hafði komið að ákærði var slasaður hafi þau bæði farið út úr bifreiðinni. Vitnið sá þá bifreið koma akandi eftir Ánanausti og var hún staðsett fyrir miðjum Eiðsgranda þegar vitnið sá hana fyrst. Bifreiðin hafi stöðvast þegar henni hafði verið ekið yfir gatnamótin og út úr henni kom maður sem gekk til þeirra og ók þeim síðar á slysavardstofu.

Í þinghaldi þann 24. september sl. fór fram sannpröfun (sic) þeirra Áslaugar og öðrumannsins er hún nefndi í fyrra þinghaldi. Skýrði Áslaug þá svo frá að það væri rangt að hún hafi séð hann aka yfir gatnamótin hún hafi fyrst séð hann er hann kom gangandi í áttina til þeirra ákærða.

Ákærði krafðist þess í þinghaldi þann 24. mars sl. að vitnið Áslaug Gunnarsdóttir yrði látin staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti og var þeirri kröfu synjað með úrskurði uppkveðnum sama dag.

Vitnið Gunnar Karl Guðjónsson rafmagnstækniþæningur, Brekkutanga 9 í Mosfellssveit, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá að það hafi ekið áleiðis að gatnamótum Eiðsgranda og Hringbrautar úr norðurátt umrætt kvöld. Vitnið kvaðst hafa horft á þegar bifreiðinni R-32680 var ekið inn á þau gatnamót og þegar bifreiðin lenti á ljósastaur. Vitnið sagðist ekki hafa séð hvort fólkið, sem var í þeirri bifreið, skipti um sæti. Vitnið sagði að það hafi ekið yfir gatnamótin og stöðvað bifreið sína þar. Vitnið mundi ekki hvort það sá ákærða liggja fram á stýri bifreiðarinnar. Hins vegar mundi vitnið eftir að hafa séð stúlkuna sitja farþegamegin í framsæti bifreiðarinnar um það leyti sem vitnið hafði stöðvað sína bifreið. Þegar vitnið hafði stöðvað bifreið sína hugsaði það um stund hvort það ætti að skipta sér af þessu en eftir að vitnið hafi sett blikkljós á bifreið sína gekk það í átt að bifreiðinni R-32680 og var ákærði þá fyrir utan bifreiðina vinstra megin. Vitnið tók fram að það hafi ekki verið í nokkrum vafa um það hvort þeirra hafði ekið bifreiðinni. Vitnið sagðist hafa gengið út frá því sem vísu að ákærði hafði ekið bifreiðinni. Vitnið sagðist ekki koma auga á nein skynsamleg rök fyrir því að einhver annar en ákærði hafi ekið bifreiðinni þegar hún lenti á ljósastaurnum. Hafi hann ekki ekið bifreiðinni þá væri um hreina skynvillu að ræða á vitninu. Vitnið sagðist ekki hafa séð nein einkenni ölvunar á ákærða og ekki mundi vitnið eftir því að hafa spurt

fólkið sem hann ók á slysavardstofuna hvort þeirra hefði ekið bifreiðinni.

Vitnið Þórir Sigurður Hersveinsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá að hann hafi verið kallaður á vettvang umrædda nótt og gerði vitnið vettvangsupprátt.

Vitnið kvaðst hafa séð blóð fyrir utan bifreiðina ökumannsmegin og einnig í bifreiðinni án þess að geta tilgreint nánar hvar í bifreiðinni það var.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður ljósmyndaði bifreiðina R-32680 og rannsakaði eftir að hún hafði verið færð af slysstað. Hann skýrði svo frá fyrir dómi að öll ummerki í bifreiðinni hafi gefið til kynna að þau hefðu komið frá þeim er sat í ökumannssæti bifreiðinnar. Högg hafði komið á spegil og skyggni og það var greinilega frá vinstri. Einnig hafi verið blóð á skyggisfestingu svo og kám og ennfremur hafi verið kám á spegli vinstra megin. Blóð hafi verið á sætisáklæði í ökumannssæti og á silsum. Engar aðrar ákomur hafi verið á bifreiðinni eða í henni en þær sem nú hefur verið getið um eða þær sem koma fram á ljósmyndum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fór þess á leit með bréfi dagsettu 16. desember 1983 að sakadómur Seltjarnarness kvæði upp úrskurð þess efnis að ákærði skyldi láta í té sýnishorn af höfuðhári sínu í þágu rannsóknar málsins. Var beiðninni hafnað með úrskurði uppkveðnum 23. mars 1984.

Vitnið Börkur J. Skúlason lögreglumaður ræddi við ákærða á slysadeild en mundi atvik ekki vel er hann kom fyrir dóminn þar sem langt var um liðið frá því að atburðurinn átti sér stað. Vitnið mundi þó eftir að hafa séð áfengisáhrif á ákærða eða aðallega fundið af honum áfengislykt.

Dómaranum hefur ekki tekist að kalla fyrir dóminn Magnús G. Magnússon aðalvarðstjóra en samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Reykjavík hefur hann verið frá störfum vegna veikinda. Í skýrslu varðstjórans kemur fram að lítilsháttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, fatnaður velktur, framkoma kurteis, augu vot og dauf, jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Vitnið Þuríður Halla Árnadóttir lækni, Hvassaleiti 30, í Reykjavík hefur skýrt svo frá að hún hafi veitt ákærða aðhlynningu þegar hann kom á slysavardstofu 3. nóvember 1983. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt hvort ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið kvaðst muna að ákærði var rauðeygður sem bent gæti til þess að hann hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis en ekki merkti vitnið önnur einkenni á ákærða um áfengisáhrif og ekki mundi vitnið eftir að hafa fundið áfengislykt af ákærða. Hvorki höfuðhögg né blóðmissir ættu að valda þessum einkennum á augum, hins vegar gæti svefnleysi eða aðrar ástæður legið fyrir þessu útliti á augum ákærða. Vitnið segist muna eftir að ákærði hafi verið erfiður í öllum tilsvörum og hafi þau ekki rætt mikið saman. Vitnið segist hafa spurt hann

hvað hafi komið fyrir hann og hafi hann svarað að hann hefði verið í bifreið sem lenti á staur.

Skurður á höfði ákærða hafi verið ofan til en vitnið mundi ekki hvort hann var hægra eða vinstra megin og ekki mundi vitnið stefnu skurðarins. Ákærði hafi fengið staðdeyfingu og hafi hún engin áhrif á alkóhólmagn í blóði sjúklings. Engin lyf hafi hann fengið á slysavarðstofunni.

Lagt hefur verið fram vottorð Rögvalds Þorleifssonar læknis dagsett 27. desember 1983 svohljóðandi:

„Sj.: Róbert Á. Hreiðarsson,
f. 16.05.46, 7355-1772,
Eiðistorgi 7, Seltjarnarnesi.

Neðanritað er byggt á bókunum í sjúkraskrá Róberts á göngudeild Slysadeildar Borgarspítalans í Fossvogi.

Þ. 3/11 1983, kl. 00:05, kom á Slysadeildina maður, er kvaðst vera fyrrgreindur Róbert. Skýrði hann svo frá, að hann hefði skammri stundu áður ekið bifreið sinni á ljósastaur. Við það taldi hann sig hafa rekið höfuðið í skrífu, sem hélt sólskyggi fyrir framrúðu bifreiðarinnar, svo að hann hlaut af sár í hárssvörð. Ekki er annarra kvartana getið.

Skoðun við komuna á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Um það bil 10 cm langur, bogalaga skurður var á hvirfli sjúklings og náði hann niður að beinhimnu.

Skurðurinn var hreinsaður upp og síðan saumaður saman með nokkrum saumum í djúp lög og all mörgum saumum í húðina.

Honum var ávísað fúkalyf í ígerðarfyrirbyggjandi skyni. Að meðferð lokinni fór Róbert af Slysadeildinni. Áformað var, að hann kæmi þangað fjórum dögum síðar en hann kom daginn eftir til skoðunar og leit skurðurinn þá vel út. Óttast hafði verið, að blóð myndi safnast undir húðina á hvirflinum en svo varð ekki. Ekki sáust heldur ígerðareinkenni.

Næst kom Róbert á Slysadeildina þ. 11/11. Sárið var þá á eðlil. leið að gróa og var annar hver saumur úr því fjarlægður.

Síðast kom Róbert til eftirlits þ. 17/11. Sárið var þá eðlil. gróið og síðustu saumarnir voru fjarlægðir. Frekara eftirlit þótti ekki nauðsynlegt á Slysadeildinni og mun hann ekki hafa komið þangað aftur eftir þ. 17/11 vegna fyrrgreinds áverka.“

Þá hafa verið lögð fram gögn frá lögreglustjóranum í Reykjavík varðandi blóðsýni það er tekið var úr ákærða. Í þeim gögnum kemur fram að blóðsýni það, er tekið var úr ákærða aðfaranótt 4. nóvember 1983, flutti lögreglan til Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði sama dag ásamt öðrum blóðsýnum og var það merkt nr. 823.

Dómarinn hefur sent fyrirspurn til Rannsóknastofunnar varðandi meðferð á blóðsýni og er svar hennar dagsett 7. maí sl. svohljóðandi:

„Rannsóknastofu í lyfjafræði hefur borist bréf yðar, dags. 29. apríl '86, þar sem óskað er upplýsinga um hvort rétt hafi verið staðið að alkóhólrannsókn á blóðsýni sem tekið var úr Róbert Árna Hreiðarssyni, blóðsýni merkt 823 frá Lögreglunni í Reykjavík, og hvort einhver atriði kunni að hafa haft áhrif á mælingar á alkóhólmagni í blóði hans.

Blóðsýni nr. 823 var rannsakað 7. nóvember 1983 ásamt 37 öðrum sýnum.

Rannsóknarnúmer sýnisins var 26793, og gáfu 3 sjálfstæðar mælingar niðurstöðurnar 1,17‰, 1,17‰ og 1,17‰, meðaltal 1,17‰.

Ekkert kom fram við athugun á gögnum Rannsóknastofunnar, er gaf tilefni til að ætla annað en að ströngustu kröfur hefðu verið uppfylltar við meðferð sýnisins.

Það upplýsist ennfremur, að lyfjagjafir hafa ekki áhrif á magn etanóls í blóði með þeirri aðferð (gasgreining á súlu), sem notuð er í Rannsóknastofu í lyfjafræði.

F.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði
Geirþrúður Sighvatsdóttir,
Deildarstjóri alkóhóldeildar.“

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn þar sem gerðar eru þær dómkröfur „að ákærði verði sýknaður og málskostnaður lagður á ríkissjóð svo og rifleg málsvagnarlaun.“

Sýknukrafa ákærða er byggð á því að hann hafi hvorki ekið bifreiðinni R-32680 eins og segir í ákærunni né verið undir áhrifum áfengis. Ákærði hafi staðfastlega neitað því að hafa ekið bifreiðinni og einnig að hafa verið undir áhrifum áfengis. Ekkert vitnanna Áslaugar Blöndal, Gunnars Karls Guðjónssonar og Þuríðar Árnadóttur hafi merkt áfengisáhrif á ákærða. Niðurstöðum alkóhólrannsóknar er mótmælt sem röngum.

Niðurstöður.

Telja verður sannað í máli þessu með eftirfarandi rökstuðningi að ákærði hafi ekið bifreiðinni R-32680 að kvöldi fimmtudagsins 3. nóvember 1983 eins og segir í ákærunni.

Ákærði fór út úr bifreiðinni ökumannsmegin eftir að bifreiðin rakst á ljósa-staurinn eins og hann hefur sjálfur skýrt frá svo og vitnin Gunnar Karl Guðjónsson og Áslaug Gunnarsdóttir. Ummerki á bifreiðinni sem sáust við rannsókn lögreglunnar á henni benda eindregið til þess að ákærði hafi verið

ökumaður bifreiðarinnar er hann slasaðist. Vitnið Gunnar Karl Guðjónsson hefur borið að hafa séð stúlkuna, sem var með ákærða í bifreiðinni, sitja farþegamegin í framsæti bifreiðarinnar skömmu eftir áreksturinn. Engin ummerki í bifreiðinni gáfu til kynna við rannsókn að ákærði og stúlkun hafi skipt um sæti eftir að bifreiðin lenti á ljósastaurnum en upplýst er m.a. með framburði ákærða sjálfs að úr sári á höfði ákærða, sem hann hlaut við áreksturinn, blæddi mikið.

Ákærði hefur neitað því að hafa verið undir áhrifum áfengis þegar umræddur akstur átti sér stað. Telja verður sannað með niðurstöðum alkóhól-rannsókna á blóðsýni sem tekið var úr ákærða, með yfirlýsingu deildarstjóra alkóhóldeildar Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, lýsingu vitnisins Barkar Skúlasonar lögreglumanns á ástandi ákærða umrædda nótt svo og með vísan til lýsingar varðstjórans Magnúsar G. Magnússonar á útliti og öðrum einkennum um áfengisáhrif á ákærða að ákærði hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Að öðru leyti þykir lýsing á háttsemi ákærða í ákæruskjali í samræmi við það sem fram hefur komið í málinu og þykir hún réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1964 28/4 í Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1975 7/11 í Reykjavík. Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. og 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökul. í 1 ár frá 12/4 1975.
- 1979 30/11 í Reykjavík. Dómur: 180.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 24/8 1979.
- 1980 19/3 í Reykjavík. Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umfl.
- 1980 24/6 í Reykjavík. Sátt, 150.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1980 28/10 í Reykjavík. Dómur: 100.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl. (hegn. auki)
- 1982 11/5 í Reykjavík. Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1982 3/9 í Reykjavík. Veitt ökuleyfi á ný.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem ákært er eftir, sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 18.000,00 og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þess refsilagaákvæðis sem þar er vitnað til að svipta ákærða ökuréttindum frá birtingu dómsins að telja og verður sviptingin til æviloka þar sem brot ákærða er ítrekað.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar með vísan til 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Róbert Arni Hreiðarsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 18.000,00 og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. mars 1987.

Nr. 60/1986. **Guðmundur R. Bjarneifsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f.h. Reykjavíkurborgar

(Magnús Óskarsson hrl.)

Dómkröfur. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Arn-ljótur Björnsson og Sigurður Línal.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur „að viðurkennt verði með dómi að honum sé einungis skylt að greiða gatnagerðargjald af lóðinni Vesturbrún 3, Reykjavík, á grundvelli gjaldskrár þeirrar, sem stefndi hefur samþykkt og talin var í gildi 20. júlí 1982 og að viðurkennt verði með dómi að stefnda hafi verið óheimilt að ákvarða annað og hærra gatnagerðargjald fyrir sömu lóð og krefja áfrýjanda um greiðslu þess.“ Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.